



SJÓBÖÐ Á SKAGASTRÖND

MARS 2021





TILLAGAN

Tillagan að nýrri byggingu fyrir sjóböð á Hólanesi, byggir á hugmynd um að þróa núverandi bæjarkjarna áfram og mynda þannig sterkari miðju fyrir menningu og verslun. Staðsetning Sjóbaðanna með tilheyrandi byggingu mynda opinn kjarna af byggingum í kringum grænt svæði. Kjarninn myndar nýjan bæjarkjarna þar sem menning, list og verslun geta þrífist til frambúðar.


Sjóböðin og tilheyrandi þjónustubygging eru staðsett í og við kantinn með laugar og potta staðsetta í og við fjöruborðið. Hér er stórbrotið útsýni yfir flóann og fjöllinn. Hugmyndin er að mynda aðgang að fjörunni og myndast þannig sterk tengsl við náttúruöflin.

Byggingin myndar aðkomusvæði austanmeginn við bygginguna og afgirt laugarsvæði til vesturs.

Aðkoman að Sjóböðunum er um nýtt bílstæði/aðkomu. Hér er bein tenging við svæðið vestanmeginn við Nes listamiðstöð. Möguleiki er á að nýta aðkomusvæðið sem markaðstorg. Suður af nýrri byggingu er gerð tillaga að set svæði með útsýni yfir flóann. Hér er einnig hægt að koma fyrir list í samstarfi við listamiðstöðina.

Á milli Nes listamiðstöðvarinnar og Sjóbaðana er möguleiki á að bæta við lítilli byggingu sem hýst getur verslun, geymslur osfrv.





BYGGINGIN


Tillagan að nýrri byggingu fyrir sjóböð á Hólanesi er hönnuð með innblástur í gömlu pakkhúsin. Hið einfalda form pakkhúsana með miðjustiltum mæni aðlagast nágrenni sínu. Áhersla er lögð á einfaldar lausnir og hrátt yfirbragð.

Byggingin opnar sig að aðkomunni og myndar op í gegnum bygginguna sem rammur inn hið magnaða útsýni yfir fjörðinn og fjöllin.

Í aðalrýminu er móttaka, setsvæði, salerni og verslun með léttar veitingar. Inn af aðalrýminu liggja búningasklefar og stoðrými. Mögulegt er að stækka bygginguna til norðurs og suður, t.d. með útiklefum o.s.frv.







BYGGINGARLÝSING

Gólfefni:
Aðalrými – steipt gólf með slípaðri aferð. Gólfefni í sturtklefum - steipt gólf með slípaðri aferð eða dúkur

Veggir:
Almennt - veggir í gífsi. Veggir í kringum votkjarna eru steiptir. Veggir í aðalrými og á gangi klæddir timbri (woodup eða sambærilegt)

Loft:
Loft í sturtuklefum, salernum osfrv eru hefðbundin kerfisloft fyrir votrými.
Loft í aðalrými er klætt með listum (Woodup eða sambærilegt).
Burðarvirki (stál eða tré) sýnilegt í aðalrými.

Klæðning:
Leggjum til að klæðning á útveggjum og þaki verða klætt með málmklæðningu (zink eða sambærilegt) –lausnir í kringum rennur/niðurföll verða skoðaðar í næstu skrefum.


Innréttingar:
Skenkur í móttöku hannaður sem „mubla“ í timbri.
Útisvæði:
Pottur og laug útfærð í steypu.
Gufubað útfært með sömu klæðningu og aðalhús.






ÞRÍVÍDDARMYND
SÉÐ YFIR SJÓBÖÐIN OG NÁGRENNI






ÚTLIT - VESTUR




ÚTLIT - AUSTUR







ÚTLIT - SUÐUR



ÚTLIT - NORÐUR

EFNISVAL



Byggingin sækir innblástur í hin gömlu pakkhús.
Klæðningin er valinn í dökkum tónum til að líkja eftir hinum
svörtu/tjörðu pakkhúsum.
Lagt er til að nota dökka málmklæðningu með lóðréttum
læsingum.





ÞRÍVÍDDARMYND
SÉÐ FRÁ SUNDLAUGARSVÆÐI







ÞRÍVÍDDARMYND
SÉÐ FRÁ SUNDLAUGARSVÆÐI



ARKÞING | **ordic**

